

## Námsáætlun fyrir Tónmennt - 5. bekkur



**Tímafjöldi:** Ein kennslustund á viku.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Tónmennt</b></p>	<p><b>Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina og velja hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,</li> <li>• beita eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra,</li> <li>• nota einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk,</li> <li>• taka þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það,</li> <li>• greina ólíkar stíltegundir, mynda sér skoðun á þeim og rökstutt hana,</li> <li>• greina og útskýra samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengja við þá menningu sem hann</li> </ul>	<p>Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, samleik á skólahljóðfæri, hrynjálfun, hreyfingu og dans, hlustun og sköpun. Unnið er út frá forsendum nemandans, aldri og þroska.</p> <p>Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hrynjun bæði með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna þar sem nemendur fá að spynna frjálst yfir undirspil á sílafón eða annað skólahljóðfæri. Nemendur skapa fjölbreytt tón- og hljóðverk og nota til þess ólíkar aðferðir og bæði hefðbundna og óhefðbundna skráningu. Nemendur nota spjaldtölvur og tónlistaröpp til tónsköpunar og hljóðvinnslu.</p>	<p>Í annarlok er metin vinnusemi og framkoma. Í hverri kennslustund metur kennari í samvinnu við nemendur þá þætti sem unnið er að.</p>

	<p>er sprottinn úr,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina og að einhverju marki meta og endurskoða eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.</li> </ul>		
<p><b>Námsgögn:</b> Námsgögn frá kennara, skólanum og veraldarvefnum.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Símat. Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D</p>			